



FRÉTTABRÉF HEIÐARSKÓLA

Desember 2016



Ábm. Bryndís Jóna Magnúsdóttir

Jólaskreytingar, söngur og súkkulaði!




Jólaskreytingakeppni 7.-10. bekkja fór fram föstudaginn 25. nóvember. Dugnaður og gleði einkenndi vinnu nemenda á þessum degi í bland við spennu og mikinn metnað. Sigurvegararnir frá því í fyrra, krakkarnir í 10. ÍS, sigruðu og fengu þeir að launum viðurkenningarskjal og köku. Skreytingapema stofunnar þeirra var hellir jólasveinanna. Nemendur á öðrum aldurstigum byrjuðu einnig að skreyta stofur sínar þó að ekki hafi verið blásið til keppni. Vikuna 28. nóvember - 2. desember ómuðu jólasöngvar um ganga skólans en jólasöngstundir fóru fram alla þá vikuna við undirspil Mumma. Vikuna 5. - 9. desember var öllum nemendum boðið upp á heitt súkkulaði og piparkökur á sal og yngstu nemendur fengu að njóta jólaleikrits leiklistarvalsins þann 13. desember. Hér hefur aðeins það helsta verið nefnt sem tilheyrir aðventudagskránni en að venju er nóg um að vera í desember.





Lesið upp úr skemmtilegum nýjum bókum

Frá því í lok október hafa rithöfundar lagt leið sína til okkar í Heiðarskóla til þess að kynna og lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum. Ævar Þór Benediktsson kom fyrstur þeirra til okkar en hann las upp úr bókinni sinni *Þín eigin hrollvekja* í lok október fyrir nemendur í 3. - 7. bekk. Hrollur fór um hópinn og mörgum þótti vissara að draga fætur upp að brjósti þegar þeir hlustuðu spenntir á upplesturinn. Þorgrímur Þráinsson kom næstur og las fyrir 5. - 7. bekk upp úr bók sinni *Henri og hetjurnar*. Sagan er um franska munaðarleysingjan Henri og umhverfið er Annesy í Frakklandi þar sem karlalandslið Íslands í knattspyrnu dvaldi á meðan á þátttöku þess í EM stóð yfir. Í sömu viku kom Gunnar Helgason og skemmti 3. - 8. bekk með fjörugri framkomu sinni og skemmtilegum upplestri úr bókinni *Pabbi prófessor*. Jenný K. Kolsöe heimsótti þar á eftir 1. - 2. bekk og las fyrir þau úr bókunum sínum *Afi sterki* og *Amma óþekka*. Krökkunum þótti upplesturinn skemmtilegur og stóðu sig vel í þessari frumraun sinni sem áheyrendur á bókaupplestri á sal. Þær Hildur Knútsdóttir og Þórdís Gísladóttir komu síðan og lásu fyrir nemendur í 8. - 10. bekk. Hildur las úr bók sinni *Vetrarhörkur*, sem er beint framhald bókarinnar *Vetrarfrí* og Þórdís las upp úr *Dodda - bók sannleikans* sem þær Hildur skrifuðu saman. Síðarnefnda bókinni hitti í mark með unglingahumor og frásögnum af aðstæðum sem nemendur virtust sjálfir þekkja vel. Þeir sátu einnig spenntir undir upplestri á geimveruinnrásinni í Vetrarhörkum. Loks kom Kristín Ragna Gunnarsdóttir og las upp úr bókinni *Úlfur og Edda - Dýrgripurinn* fyrir nemendur í 4. - 6. bekk. Bókina skrifaði hún og myndskreytti. Nemendur hafa bæði gagn og gaman af heimsóknum sem þessum og hafa þær merkjanleg áhrif á bókaáhuga þeirra. Bækurnar sem lesið er upp úr hverfa samstundis á bókasafninu og sjást gjarnan ekki þar fyrir en fer að vora því þegar þeim er skilað eru þær lánaðar út aftur um leið. Biðin eftir þessum nýju bókum getur verið löng og því ekki úr vegi að lauma einhverjum þeirra undir jólatréð enda er fátt notalegra en að gleyma sér í bókalestri í jólafríinu.





Hreystikeppni Heiðarskóla

Skólahreystikeppni Heiðarskóla fór fram í íþróttasal skólans þann 6. desember. Eins og endranær var spennustig keppenda hátt og stuðningur nemenda í 5.-10. bekk góður. Hópur nemenda úr 8., 9. og 10. bekk spreytti sig á hreystiprautunum og stóðu þeir sig allir með stakri þryði. Fjórir nemendur báru sigur úr bytum. Ástrós Elísa Eypórsdóttir í 9. PE sigraði í bæði armbeygjum og hreystigreip. Hún gerði 37 armbeygjur og hékk í 3,03 mínútur. Ísak Einar Ágústsson í 10. ÍS sigraði keppnina í upphífungum og dýfum en hann gerði 31 upphífingu og 27 dýfur. Aron Ingi Guðmundsson í 8. KP gerði þó fleiri upphífingar eða 37 og Bartosz Wiktorowicz í 8. DG gerði fleiri dýfur eða 40 en keppa þarf í báðum greinum til þess að eiga möguleika á sigri. Nemendur í 8. bekk létu sannarlega til sín taka í þetta skiptið en í hraðapraut drengja var það Eypór Jónsson sem fór á besta tímanum í gegnum hraðaprautina á 1,08 mínútum. Ingibjörg Birta Jóhannsdóttir í 9. PE var sigurvegari í hraðapraut stúlkna en hún fór í gegnum hraðaprautina á 55,7 sekúndum. Að venju voru gamlar Skólahreystikeppur fengnar til að sinna dómgæslu en í ár mættu þau Arnór Breki Atlason, Andri Már Ingvarsson, Irena Sól Jónsdóttir, Katla Rún Garðarsdóttir og Kamilla Sól Viktorsdóttir. Við þökkum þeim fyrir aðstoðina og óskum öllum keppendum okkar til hamingju með árangurinn!



Kennslubækur í heimlisfræði eftir Ólöfu

Menntamálastofnun hefur nú gefið út þrjár kennslubækur í heimlisfræði eftir hana Ólöfu okkar heimlisfræðikennara. Bækurnar samdi hún ásamt Jóhönnu Höskuldsdóttur og eru þær fagurlega myndskreyttar af Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur. Bækurnar þrjár eru ætlaðar nemendum á yngsta stigi en í þeim eru einfaldar uppskriftir í bland við fróðleik um heilbrigða lífshætti, neysluvenjur og umhverfisvernd. Ólöfu óskum við innilega til hamingju með vel unnið verk.





Edinborgarferð starsfólks



Edinborgarkastali

Að morgni miðvikudagsins 19. október hélt bróðurparturinn af starfsfólki Heiðarskóla í námsferð til Edinborgar. Þann daginn og fimmtudaginn 20. október sat hópurinn fyrirlestra, tók þátt í vinnusmiðjum og fór í skólaheimsóknir. Fyrirlestrarnir fjölluðu um nýjar áherslur og breytingar í grunnskólum. Fjallað var um mat á árangri í slíku breytingaferli, um leiðir til að hrinda breytingum í framkvæmd og fylgja þeim eftir og hagnýt ráð voru gefin um að sýna hugrekki og frumkvæði þegar takast þarf á við breytingar. Vinnustofurnar byggðu annars vegar á efni fyrirlestranna og hins vegar á skapandi kennsluaðferðum sem snúa einna helst að leikrænni tjáningu og hópefli. Fjórir skólar voru svo heimsóttir, tveir skólar í Stirling og tveir í Borders. Þar fengum við kynningu á starfi skólanna, áherslum þeirra og markmiðum. Við tókum með okkur fjölmargar hugmyndir úr þessum flottu skólum og sumar þeirra höfum við þegar nýtt. Endurmenntunarluti ferðarinnar var í alla staði ákaflega vel heppnaður og gagnlegur. Starfsfólkið átti einnig margar góðar stundir saman og urðu margar skemmtilegar minningar til í þessari fallegu borg.



Frank Crawford, fyrirlesari með Haraldí, Bryndísi og Jacky



Skottish banquet í boði námskeiðshaldara



Beðið eftir spórvagni að loknum lærdómsríkum degi.

Skákkennsla í 4. bekk


Alla föstudagsmorgna í vetur fá nemendur í fjórða bekk skákkennslu í eina kennslustund. Skákkennslan er í höndum Óskars Birgissonar skákkennara og kennara við skólann. Þetta er annað árið sem formleg skákkennsla fer fram í 4. bekk en byrjað var á því á síðasta skólaári. Í fyrstu tímunum var farið yfir mannganginn, hvað hver taflmaður heitir og sagt örlítið frá skákinni. Smá saman hefur svo verið bætt inn meiri fróðleik og einnig fá nemendur að tefla við bekkjarfélaga sína. Hugmyndin er að allir nemendur hafi möguleika á að tefla sér til ánægju. Nemendur eru mjög áhugasamir, hafa gaman af því að kynnst skákinni og ekki síður að fá að tefla.





Niðurstöður samræmdra prófa

Nemendur í 4. og 7. bekk tóku samræmd próf í september. Voru þau í fyrsta skiptið rafræn og prófin því leyst í tölvuveri. Báðir árgangarnir tóku próf í íslensku og stærðfræði. Niðurstöður lágu fyrir í október og á myndritinu hér fyrir neðan má sjá normaldreifðar einkunnir nemenda Heiðarskóla í samanburði við landsmeðaltal. Nemendur í 4. bekk voru á meðaltali í báðum námsgreinum en nemendur í 7. bekk voru töluvert langt undir meðaltali í báðum greinum. Kennarar hafa þegar skoðað niðurstöðurnar vel og munu nýta þær í áframhaldandi undirbúningi og skipulagi kennslu.



Þorgrímur hvatti til samstöðu og góðra verka

Þorgrímur Þráinsson kom í sína árlegu heimsókn til nemenda í 10. bekk mánudaginn 3. október. Hann hélt fyrirlestur fyrir nemendur sem ber heitið *Verum ástfangin af lífinu!* Með honum hvatti hann nemendur til að setja sér markmið á hinum ýmsu sviðum lífs síns svo hjól lífsins snúist á eðlilegan hátt. Jafnframt lagði hann áherslu á að nemendur legðu sig fram við að vera góðar manneskjur sem gefa af sér. Þannig yrðu þeir sáttari við sjálfa sig og hamingjusamari fyrir vikið. 10. bekkingar kunnu vel að meta hvatningarorð Þorgríms. Það gerðu nemendur á miðstigi einnig en þann flotta hóp hitti hann á sal fimmtudaginn 6. október og fór með fyrirlesturinn *Sterk liðsheild - Hvað getum við lært af landsliðinu í Frakklandi?* Þorgrímur hefur starfað með íslenska karlalandsliðinu í knattspyrnu undanfarin misseri og vill nýta meðbyr landsliðsins til að hvetja nemendur til að leggja sig fram og þjálfa sig í að verða fyrirliðar í bekk og leiðtogar í eigin lífi. Hann sýndi myndir og myndbönd sem hann tók á meðan á dvölinni í Frakklandi stóð og útskýrði í hverju árangur liðsins fólst. Hann ræddi m.a. um mikilvægi samkenndar, hjálpssemi og virðingar gagnvart sjálfum sér og öðrum.





Menningarstundir

Í tilefni af Degi íslenskrar tungu 16. nóvember fóru fram menningarstundir á sal skólans dagana 16.-18. nóvember. Þar sýndu allar bekkjadeildir skemmtiatriði, ýmist fyrir árganginn sem er einu ári yngri eða eldri. Þar var lesið upp, leikið, frætt, sungið, dansað og spilað á hljóðfæri eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.



Jólaskemmtun og stofujól

Þriðjudaginn 20. desember verður hin árlega jólaskemmtun í skólanum. Allir nemendur munu koma saman í íþróttahúsinu líkt og gert var í fyrsta sinn í fyrra. Þar munu nemendur í 7. bekk leika jólaguðspjallið, nemendur flytja söng- og tónlistatriði og svo verður að sjálfsögðu dansað í kringum jólatréð við undirleik Guðmundar Hermannssonar. Að því loknu fer hver bekkur til sinnar heimastofu og heldur stofujól með umsjónarkennara sínum. Nemendur eiga að mæta kl. 8.45 í heimastofu og áætlað er að skemmtuninni ljúki um kl. 10.30.



Jólafrí nemenda hefst að lokinni jólahátíð þriðjudaginn 20. desember. Skólastarf hefst aftur þriðjudaginn 3. janúar 2017 samkvæmt stundaskrá. Starfsfólk Heiðarskóla óskar ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.